

L Ö G

um breyting á lögum nr. 78 7. maí 1936, um ríkisframfærslu
sjúkra manna og örkuðla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. tl. 1. gr. falli niður.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Samkvæmt lögum þessum verður styrkur ekki veittur til greiðslu kostnaðar, sem hlutaðeigandi á rétt á að fá greiddan samkvæmt lögum um almannatryggingar.

3. gr.

3. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið veitir styrk samkvæmt lögum þessum, að fengnum til-
lögum landlæknis. Ráðuneytið lætur gera í samráði við landlækni eyðublöð fyrir
læknisvottorð, sem veita fullnægjandi upplýsingar um sjúklinginn.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. gr.

Niður falli orðin: „— nudd- og rafmagnsaðgerðir mænuóttarsjúklinga —“
í 6. gr. 2. tl. Enn fremur falli niður 4. tl. og síðasta málsgrein greinarinnar.

5. gr.

Orðin „— eða 4. —“ í 7. gr. falli niður.

6. gr.

8. gr. orðist svo:

Sjúkrahús eða hæli eða skóli eða annar viðtakandi styrks þess, sem veittur er
samkvæmt lögum þessum, á rétt á, að framfærsluveit styrkþegans greiði það, sem
á vantar fulla greiðslu kostnaðarins eins og hann er talinn og úrskurðaður sam-
kvæmt 4., 5. og 6. gr., er ríkissjóðsstyrkurinn hefur verið greiddur. Þessi greiðsla
framfærsluveitar telst ekki veittur sveitarstyrkur.

7. gr.

9. gr. falli niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.